

Alþingi - Stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd
Kristjana Benediktsdóttir
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 14. desember 2012
Tilvísun: UST20121100162/sá

Umsögn - frumvarp til stjórnskipunarlaganna - mál 415

Með tölvubréfi, dags. 29. nóvember 2012, sendi stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd frumvarp til stjórnskipunarlaganna til umsagnar Umhverfisstofnunar.

Í 33. -35. gr. frumvarpsins er að finna tillögur að stjórnarskrárákvæðum er varða vernd náttúru og umhverfis, almennarétt og rétta almennings til upplýsinga um umhverfismál.

Réttarframkvæmd liðinna ára hefur leitt í ljós að stjórnskipunarréttarlegur bakgrunnur lagareglna til verndar náttúru og umhverfi er ekki nægilega sterkur að mati Umhverfisstofnunar. Vernd eignaréttarins og atvinnufrelsisins er skýr og afdráttarlaus en stjórnarskrárákvæði um vernd umhverfisins hefur ekki verið til staðar. Með reglum um vernd umhverfisins er kveðið á um stjórn á röskun náttúrunnar og losun mengandi efna út í umhverfið og með því er nýtingu eigna og atvinnufrelsis settar vissar hömlur. Þetta hefur leitt til þess að miklar kröfur eru gerðar til skýrleika réttarheimilda á vettvangi umhverfisréttar og á stundum óraunhæfar að mati stofnunarinnar. Telur stofnunin því að til staðar sé visst ójafnvægi milli einkahagsmuna annars vegar og hagsmuna almennings þ.m.t. komandi kynslóða hins vegar af vernd umhverfisins. Umhverfisstofnun lýsir því ánægju með að lagt er til að í stjórnskipunarlögum verði sérstök ákvæði til verndar umhverfinu. Jafnframt fagnar stofnunin því að lögð sé áhersla á rétt almennings til upplýsinga og þátttöku í ákvörðun er varða umhverfismál. Einnig er lögð áhersla á sjálfbærnisjónarmið í 3. mgr. 33. gr.

Frestur til umsagnar um frumvarpið er skammur og tölverðar annir hjá stofnuninni. Stofnunin hefur ekki tök á að meta nákvæm áhrif framangreindra ákvæða og er umsögn stofnunarinnar því á almennum nótum og varðar aðeins 33. og 35. gr. frumvarpsins. Stofnunin mælir með því að sérfræðingur með framhaldsmenntun í umhverfisrétti verði fenginn til að meta áhrif frumvarpsins hafi það ekki verið gert.

Í 3. ml. 1. mgr. 33. gr. segir að fjölbreytni lands og lífríkis skuli viðhaldið og náttúruinjar, óbyggð víðerni, gróður og jarðvegur njóti verndar. Umhverfisstofnun telur að draga mætti betur fram sjónarmið er varða vernd hafsins í þessu ákvæði.

Í 4. ml. sama ákvæðis segir að fyrri spjöll skuli bætt eftir fögum. Umhverfisstofnun bendir á að hugtakið spjöll hefur ekki mjög skýra merkingu í réttarframkvæmd. Í skýringu með

ákvæðinu eru tilgreind sýnileg spjöll en „einnig rof og hvers konar hnignun á umhverfi og náttúru af hvaða völdum sem er“ Umhverfisstofnun leggur til að leitast verið við að skýra þetta nánar einnig þar sem ákvæðið felur í sér afturvirkni. Stofnunin bendir á að hin ósýnilegu umhverfisáhrif eru gjarnan mun alvarlegri en hin sýnilegri. Er þar átt við tap á líffræðilegri fjölbreytni, mengun vatns o.s.frv. Í ákvæðinu kemur ekki frama hverjum skuli bætt né hver á að bæta fyrir spjöll. Í því sambandi má benda á að nýlega voru sett lög nr. 55/2012 um umhverfisábyrgð þar sem kveðið er á um ábyrgð atvinnurekstrar vegna umhverfistjóns sem verður eftir gildistöku laganna. Felur löggjöfin í sér ábyrgð á úrbótum v. umhverfistjóns. Hins vegar vill stofnunin benda á að ekki eru til staðar í íslenskum lögum reglur um endurheimt votlendis en tímabært er að kveðið verði á um viðurkenndar aðferðir í því efni.

Í 1. mgr. 35. segir að stjórnvöldum beri að upplýsa almenning um ástand umhverfis og náttúru og áhrif framkvæmda þar á. Umhverfisstofnun bendir telur mikilvægt í þessu sambandi að ekki verði dregið úr ábyrgð framkvæmdaraðila á mati á áhrifum framkvæmda sem þeir standa fyrir sbr. lög nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum.

Virðingarfyllst

Kristín Linda Árnadóttir
Forstjóri

Sigrún Ágústsdóttir
Sviðsstjóri